

# Lög NLFÍ

## I. NAFN OG TILGANGUR

### 1. gr.

„Náttúrulækningafélag Íslands“ - skammstafað NLFÍ - eru samtök náttúrulækningafélaga í landinu. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

#### Tilgangur NLFÍ er:

- a) Að efla og útbreiða þekkingu á lögmálum heilbrigðs lífs og á heilsusamlegum lifnaðarháttum.
- b) Að kenna mönnum að varast orsakir sjúkdóma og útrýma þeim.
- c) Að vinna að því að þeir sem veiklaðir eru orðnir eða sjúkir, geti átt kost á hjúkrun og lækningameðferð hér á landi með svipuðum aðferðum og tíðkast hjá náttúrulæknum erlendis.
- d) Að stuðla að stofnun náttúrulækningafélaga víðs vegar um landið.
- e) Að styrkja félögin í starfsemi þeirra og efla kynningu og samvinnu þeirra í milli.

### 3. gr.

#### Tilgangi sínum hyggst NLFÍ ná m.a.:

- a) Með fyrirlesturum, útgáfu tímarits og annarra rita um heilbrigðismál.
- b) Með því að stuðla að því að íslenskir læknar og hjúkrunarfólk kynni sér heilsuvernd og náttúrulækningar.
- c) Með því að vinna að stofnun heilsuhæla sem beiti náttúrulegum heilsuverndar- og lækningaaðferðum (ljós, loft, vatn, mataræði, hreyfing, hvíld).
- d) Með matreiðslunámskeiðum og með því að stofna eða styðja matsölu og veitingahús sem leggja áherslu á að hafa veitingar í samræmi við stefnu samtakanna.
- e) Með stofnun verslana eða stuðningi við verslanir sem leggja megináherslu á sölu heilnæmrar matvöru og með því að beita sér fyrir útvegum heilnæmra matvæla, innlendra og erlendra. Ennfremur að vinna gegn innflutningi, framleiðslu og neyslu skaðlegra matvæla og nautnalyfja. f) Með því að stuðla að lífrænum ræktunaraðferðum.
- g) Með rekstri heilsuskóla.

## II. RÉTTINDI OG SKYLDUR FÉLAGANNA

### 4. gr.

Öll náttúrulækningafélög eða heilsuverndarfélög í landinu geta orðið aðilar að NLFÍ, enda séu lög þeirra í samræmi við lög samtakanna og samþykkt af stjórn þess.

Beiðni um aðild að NLFÍ fylgi eftirfarandi gögn: a)

Eintak af lögum félagsins (afrit).

b) Félagsmannatal, þar sem tilgreint sé fullt nafn, kennitala og heimilisfang.

c) Nöfn stjórnarmanna, varastjórnar og endurskoðenda.

Stjórn NLFÍ tekur ákvörðun um aðildarbeiðni. Hverju félagi innan NLFÍ ber að ákveða félagssvæði sitt, skal það gert í samráði við stjórn NLFÍ sem hefur úrskurðarvald í þessu efni.

Aðildarfélag skulu opin öllum sem vilja vinna að markmiðum félagsins. Atkvæðisrétt og kjörgengi til trúnaðarstarfa hafa þeir einir sem eru á félagsskrá og eru skuldlausir við félagið.

#### **5. gr.**

Atkvæðisrétt hafa allir 18 ára eða eldri og kjörgengi til trúnaðarstarfa miðast einnig við þann aldur. Enginn getur verið fullgildur félagsmaður nema í einu félagi í senn.

#### **6. gr.**

Félögin eru frjáls um sérmál sín, þó svo, að ekki brjóti í bága við NLFÍ, tilgang þess, stefnu og starf. Ágreiningsmálum sem upp kunna að koma og varða NLFÍ má skjóta til stjórnar NLFÍ sem sker úr ágreiningnum. Úrskurði hennar má áfrýja til landsþings svo og ágreiningi við stjórn NLFÍ.

#### **7. gr.**

Úrsögn úr NLFÍ er því aðeins gild að hún hafi verið samþykkt á lögmætum aðalfundi viðkomandi félags af a.m.k. 2/3 hlutum fundarmanna, enda hafi þess verið getið í fundarboði að tillaga um úrsögn lægi fyrir. Ennfremur er það skilyrði fyrir löglegri úrsögn að stjórn NLFÍ hafi verið gert aðvart um tillöguna og fundinn með minnst þriggja vikna fyrirvara og sannanlegum hætti. Hefur stjórn NLFÍ þá rétt til að senda fulltrúa á fundinn er hafi þar málfrelsi til jafns við aðra fundarmenn. Greiði 10 eða fleiri fullgildir félagsmenn atkvæði gegn úrsögn félagsins þá er þeim heimilt að halda áfram undir sama nafni og með sömu réttindum og skyldum sem félagið áður hafði að breyttu breytanda.

Félag sem þannig hefur sagt sig úr NLFÍ á engar fjárkröfur á hendur því né neitt tilkall til sjóðs þess eða annarra eigna.

#### **8. gr.**

Nú er félag lagt niður og skal þá síðasta stjórn þess afhenda stjórn NLFÍ gerðabækur og skjöl félagsins, félagssjóð og aðrar eignir.

Verði nýtt náttúrulækningafélag stofnað á starfssvæði hins fyrra innan eins árs frá félagsslitum þá tekur það við eignum þess er stjórn NLFÍ hefur veitt viðtöku skv. 1. málsgrein þessarar greinar.

#### **9. gr.**

Heimilt er að víkja félagi úr NLFÍ ef það brýtur lög þess eða starfar ekki samkvæmt stefnu NLFÍ eða er því til tjóns eða vanvirðu.

Minnst 4 af stjórnarmönnum á fullskipuðum stjórnarfundum þurfa að vera brottvikningunni samþykktir. Samþykktin skal þegar send viðkomandi félagsstjórn í ábyrgðarbréfi og síðan lögð fyrir næsta landsþing eða fyrir aukaping til endanlegrar afgreiðslu. Hafa fulltrúar frá félaginu þar atkvæðisrétt um tillöguna. Til þess að brottvikningin verði samþykkt þarf 2/3 atkvæða á lögmætum þingfundi.

Félag, sem þannig hefur verið vikið úr NLFÍ, á engar fjárkröfur á hendur því né tilkall til sjóða þess eða annarra eigna.

### **III. FJÁRMÁL**

#### **10. gr.**

Reikningsár NLFÍ og fyrirtækja þess er almanaksárið.

#### **11. gr.**

NLFÍ styrkir för þeirra fulltrúa á landsþing sem búa utan þingsstaðar. Styrkupp hæðin fer eftir tillögum fjárhagsnefndar. Að öðru leyti kosta félögin fulltrúa sína sjálf. NLFÍ kostar þinghaldið.

#### **12. gr.**

Gjöfum sem NLFÍ berast skal ráðstafað til starfsemi félagsins nema gjöfinni fylgi önnur fyrirmæli.

### **IV. AÐALFUNDUR FÉLAGANNA OG FULLTRÚAKJÖR**

#### **13. gr.**

Hvert félag skal halda aðalfund eigi síðar en í marsmánuði árlega og senda síðan stjórn NLFÍ fyrir lok apríl sama ár, afrit af ársskýrslu sinni og reikningum, ásamt félagatali og gjaldi, breytingum á félagslögum og úrslitum kosninga.

#### **14. gr.**

Fulltrúar til næsta landsþings kys hvert bandalagsfélag á lögmætum félagsfundi einn fyrir hverja fimm tugi atkvæðisbærra félagsmanna og brot úr 50 samkvæmt félagaskrá 31. desember ári áður en reglulegt landsþing kemur saman. Kjósa skal með sama hætti helmingi færri varafulltrúa, þ.e. einn fyrir hverja hundrað eða brot úr hundraði. Kjörtími fulltrúa er tímabilið milli reglulegra landsþinga.

### **V. LANDSPING**

#### **15. gr.**

Fulltrúaþing NLFÍ heitir landsþing. Það skal halda í september eða október annað hvert ár. Aukaþing getur stjórn NLFÍ kallað saman þegar henni þykir nauðsyn til bera eða ef meirihluti félaganna krefst þess skriflega.

#### **16. gr.**

Landsþing skal boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara, það skal gera með ábyrgðarbréfi til stjórnar félaganna svo og með útvarpstilkynningu eða öðrum tilhljóðilegum hætti. Aukaþing má boða með styttri fyrirvara.

#### **17. gr.**

Æðsta vald í öllum málum NLFÍ hefur landsþingið. Það er lögmætt ef það er löglega boðað (sbr. 16. gr.). Þingfundur er lögmætur ef helmingur mættra fulltrúa er á fundi.

#### **18. gr.**

Þingfundum skal stjórnað samkvæmt þingsköpum NLFÍ. Á þingfundum ræður meirihluti afgreiðslu mála nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Þingfundargerðir skal lesa og staðfesta fyrir þingslit ef unnt er.

#### **19. gr.**

Stjórn félagsins skal kjósa á landsþingi. Er hún skipuð 5 mönnum. Kjörtími þeirra skal vera 6 ár. Á hverju þingi skal kjósa einn eða tvo stjórnarmenn. Árið 1989 skal kjósa tvo stjórnarmenn, árið 1991 tvo og 1993 einn o.s.frv.

Einnig skal kjósa sameiginlega 3 menn í varastjórn til 2ja ára í senn.

Stjórnarkosningar skulu vera skriflegar nema þegar ekki eru fleiri í kjöri en kjósa á því þá eru þeir sjálfkjörnir.

Kjörgengir í stjórn félagsins eru allir fullgildir félagar í aðildarfélögum NLFÍ.

#### **20. gr.**

Landsþing kýs 2 endurskoðendur og 2 til vara. Skulu þeir hafa á hendi eftirlit með fjárreiðum félagsins og fyrirtækja þess. Hafa þeir ætíð aðgang að öllum reikningum og tilheyrandi bókunum. Auk þess skal löggiltur endurskoðandi endurskoða alla reikninga NLFÍ .

#### **21. gr.**

Á landsþingi skal kjósa þriggja manna fræðslunefnd og tvo varamenn sem starfa á milli landsþinga í samráði við stjórn NLFÍ. Á fyrsta fundi stjórnar NLFÍ að loknu landsþingi skal skipa formann fræðslunefndar sem kallar saman fundi hennar. Formaður skal kalla saman fund ef meirihluti nefndarinnar óskar þess.

#### **22. gr.**

Málfrelsi og tillögurétt á landsþingi hafa kjörnir fulltrúar þess og stjórn NLFÍ. Auk þess er þingforseta NLFÍ heimilt að heimila forstöðumönnum einstakra fyrirtækja NLFÍ að taka til máls um málefni er varða rekstur þeirra. Endurskoðendur og lögfræðingur NLFÍ hafa málfrelsi á landsþingi. Atkvæðisrétt hafa einungis kjörnir aðalfulltrúar hverju sinni.

### **VI. STJÓRN NLFÍ**

#### **23. gr.**

Stjórn NLFÍ stjórnar öllum málefnum félagsins milli landsþinga.

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum eftir kosningu á landsþingi og kýs úr sínum hópi forseta, varaforseta, ritara og gjaldkera. Þann fund boðar sá stjórnarmaður sem elstur er. Forseti kallar saman stjórnarfundi þegar þurfa þykir og ber honum að gera það innan 3ja vikna ef meirihluti stjórnar óskar þess. Hann setur landsþing og stjórnar þingfundi þar til þingforseti hefur verið kosinn.

Varaforseti gegnir störfum forseta í forföllum hans. Ritari heldur gerðabókhald yfir fundi stjórnarinnar. Gjaldkeri annast öll venjuleg gjaldkerastörf fyrir NLFÍ og fyrirtæki þess, að svo miklu leyti sem öðrum starfsmönnum er ekki falið það af stjórninni.

#### **24. gr.**

Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar er á fundi. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða nema annað sé tekið fram í lögum NLFÍ.

#### **25. gr.**

Stjórn NLFÍ ræður starfsmenn til félagsins og fyrirtækja þess eftir því sem þörf er á.

#### **26. gr.**

Stjórn NLFÍ skal sjá um að reikningar félagsins séu tilbúnir til endurskoðunar eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Skulu endurskoðendur hafa lokið störfum eigi síðar en 31. maí og afhenda stjórninni skýrslu sína en stjórnin eða forsvarsmenn hlutaðeigandi fyrirtækja svara athugasemdum endurskoðenda sem síðan gera tillögur sínar til úrskurðar á landsþingi. Reikningar NLFÍ skulu vera tilbúnir til endurskoðunar eigi síðar en 31. júlí ár hvert. Stjórn NLFÍ skal, innan tveggja mánaða frá þinglokum, senda bandalagsfélögunum og þingfulltrúum prentað eða fjölritað eintak af fundargerðum þingsins.

#### **27. gr.**

Til að skuldbinda NLFÍ þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna, meðal þeirra forseta eða varaforseta.

#### **28. gr.**

Heiðursfélagi getur bandalagsstjórnin kosið með samhljóða atkvæðum.

### **VII. LAGABREYTINGAR**

#### **29. gr.**

Til þess að breyta lögum þessum skulu breytingartillögur hafa verið ræddar og samþykktar á tveimur reglulegum landsþingum í röð með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Ákvæðunum um tilgang NLFÍ, sbr. 2. gr., má þó aldrei breyta.

-----

Lög þessi voru samþykkt á stofnþingi NLFÍ sem haldið var í Reykjavík dagana 5. - 6. nóvember

1949. Hér eru þau prentuð með breytingum sem gerðar voru á landsþingum 1950, 1951, 1955, 1967, 1977, 1979, 1981, 1983, 1985, 1995, 2013 og 2015.

## ÞINGSKÖP NLFÍ

### I. ÞINGSETNING, ÞINGSTJÓRN OG GERÐABÓKUN

#### 1. gr.

Forseti NLFÍ setur landsþing. Áður skal hann hafa skipað 3 menn í kjörbréfanefnd og fengið þeim í hendur skrá yfir alla kjörna fulltrúa til þingsins bæði aðal- og varafulltrúa og frá hvaða félögum þeir eru.

Að lokinni rannsókn og samþykkt kjörbréfa stjórnar forseti NLFÍ kosningu 1. þingforseta sem tekur þegar við fundarstjórn og lætur fram fara kosningu 2. þingforseta, tveggja þingritara og nefndanefndar.

#### 2. gr.

Þingforsetar stjórna fundum til skiptis eftir eigin samkomulagi. Vilji sá þeirra er stjórnar fundi taka þátt í umræðum skal hann kveðja hinn þingforsetann til fundarstjórnar á meðan.

#### 3. gr.

Ritarar bóka það sem fram fer á þingfundum og undirrita fundargerðir ásamt þingforseta. Fundargerðir skal lesa upp og bera upp til samþykktar í lok hvers fundar ef unnt er, annars í byrjun næsta fundar. Sé ekki hægt að ljúka fundargerð síðasta þingfundar svo að lesin og staðfest verði á þinginu, skal fundurinn fela 2 fulltrúum að staðfesta hana síðar ásamt báðum þingforsetum og riturum.

### II. NEFNDIR

#### 4. gr.

Fastar þingnefndir eru:

1. Nefndanefnd (uppástungunefnd) 3 menn.
2. Fjárhagsnefnd, 3 menn.
3. Allherjarnefnd, 3 menn.

Nefndanefnd er kosin þegar eftir kosningu þingforseta og þingritara en hinar tvær litlu síðar að fengnum tillögum nefndanefndar.

#### **5. gr.**

Nefndanefnd gerir tillögur um menn í þær nefndir sem kjósa á. Sá sem fær flest atkvæði í nefnd eða er fyrst tilnefndur kveður nefndina saman og stjórnar kosningu formanns. Nefndin kýs sér einnig ritara og framsögumann.

#### **6. gr.**

Fjárhagsnefnd athugar reikninga NLFÍ og leggur fram tillögur um samþykkt þeirra. Til hennar skal vísa öllum málum er snerta fjárhag félagsins.

#### **7. gr.**

Til allsherjarnefndar skal vísa þeim málum er ekki heyra undir aðrar fastanefndir þingsins, nema ákveðið sé að kjósa sérstaka nefnd til að fjalla um málið.

### **III. ÞINGMÁL**

#### **8. gr.**

Á fyrsta þingfundi leggur stjórn NLFÍ fyrir þingið:

1. Dagskrá með eftirtöldum föstum liðum:

- a) Þingsetning.
  - b) Álit kjörbréfanefndar.
  - c) Kosning forseta, ritara og nefndanefnda.
  - d) Skýrsla stjórnarinnar og reikningar félagsins.
  - e) Kosning fastra nefnda. - sjá 4. gr. -
    - d) Lagabreytingar ef fyrir liggja.
  - g) Fjárhagsáætlun (tvær umræður).
  - h) Önnur mál.
  - i) Þingslit.
2. Skrá yfir aðal- og varafulltrúa þingsins samkvæmt kjörbréfum félaganna. Við nafn hvers félags skal tilgreina félagatölu þess samkvæmt síðustu ársskýrslu.
3. Skýrslu um störf NLFÍ á milli þinga.
4. Reikninga NLFÍ og fyrirtækja þess ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum endurskoðenda til úrskurðar.
5. Önnur mál sem stjórnin hefir undirbúið eða fengið í hendur frá einstökum félögum eða þingfulltrúum.

### **IV. UMRÆÐUR**

#### **9. gr.**

Þingforseti gefur mönnum orðið í sömu röð og þeir beiðast þess. Ef fleiri en einn kveðja sér hljóðs samtímis ræður forseti í hvaða röð þeir taka til máls.

#### **10. gr.**

Forseti gætir góðrar reglu á fundum og sér um að ræðumenn fái gott hljóð. Ef ræðumaður heldur sér ekki við umræðuefnið eða viðhefur ótilhlýðileg orð varðar það áminningu frá forseta sem hefur þá einnig vald til að taka orðið af ræðumanni.

#### **11. gr.**

Engir aðrir en framsögumenn meiri- og minnihluta svo og flutningsmaður máls, en þó eigi nema einn, mega taka oftari en tvisvar til máls við sömu umræðu. Forseta er þó heimilt að leyfa mönnum að gera stuttar athugasemdir eða fyrirspurnir.

#### **12. gr.**

Dragist umræður úr hófi fram, getur forseti takmarkað ræðutíma.

#### **13. gr.**

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

### **V. TILLÖGUR**

#### **14. gr.**

Allar tillögur skal leggja skriflega fyrir forseta. Séu fleiri en ein tillaga í sama máli skal forseti bera fyrst upp þá tillögu er lengst gengur.

#### **15. gr.**

Forseti hefur heimild til að bera tillögu upp í tveimur eða fleiri liðum, þó því aðeins að hver liður sé sjálfstæður og að skiptingin geri tillöguna ekki óljósa. Það skal og gert ef þingfulltrúar óska þess.

#### **16. gr.**

Breytingartillögu skal bera upp á undan aðaltillögu. Breytingartillögu sem kollvarpar eða breytir aðaltilgangi annarrar tillögu má ekki taka til greina.

#### **17. gr.**

Breytingartillögu um að fella úr eða auka við tillögu skal bera upp þannig, að lesa fyrst upp aðaltillöguna óbreytta, því næst breytingarnar og loks alla tillöguna eins og hún verður með breytingunni.

#### **18. gr.**

Forgangstillögur eru þessar og í þessari röð:

- 1) Tillaga um að ganga þegar til atkvæða.
- 2) Tillaga um að vísa máli frá.
- 3) Tillaga um að taka fyrir næsta mál á dagskrá (rökstudd dagskrá).
- 4) Tillaga um að fresta máli.



5) Tillaga um að vísa máli til annars valds.  
Tillögur undir 1. og 2. lið má ekki ræða.

#### **19. gr.**

Tillögu sem felld hefur verið má ekki bera upp aftur á sama þingfundi. Með samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða má taka málið upp á ný síðar á þinginu.

#### **20. gr.**

Heimilt er tillögumanni að taka aftur tillögu á hvaða stigi máls sem er en öðrum er heimilt að taka hana upp á ný.

### **VI. ATKVÆÐAGREIÐSLA OG KOSNINGAR**

#### **21. gr.**

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Þó skal fara fram leynileg atkvæðagreiðsla ef 1/4 hluti fundarmanna krefst þess.

#### **22. gr.**

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þingsköpum þessum eða lögum NLFÍ. Tillaga telst fallin með jöfnum atkvæðum.

#### **23. gr.**

Bundnar kosningar fara þannig fram að forseti óskar eftir tilnefningu. Tillögur nefndanefndar skerða ekki rétt fulltrúa til tilnefningar. Séu jafnmargir tilnefndir og kjósa á, lýsir forseti þá sjálfkjörna án atkvæðagreiðslu. Að öðrum kosti fer fram skrifleg kosning.

#### **24. gr.**

Atkvæðaseðill er ógildur ef á honum eru nöfn manna sem ekki eru í kjöri eða ef á honum eru nöfn fleiri eða færri manna en kjósa á. Ógildur seðill telst til greiddra atkvæða. Auður seðill telst ekki til greiddra atkvæða. Fáir tveir eða fleiri jafn mörg atkvæði, ræður hlutkesti kosningu.

### **VII. BREYTING ÞINGSKAPA**

#### **25. gr.**

Þingsköpum má aðeins breyta á reglulegu landsþingi NLFÍ. Um breytingu þingskapa skal hafa 2 umræður og þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða eftir síðari umræðuna.

Þingsköp þessi voru samþykkt á stofnþingi NLFÍ sem haldið var í Reykjavík dagana 5. - 6. nóvember 1949. Þau voru lítið eitt aukin í 1., 4. og 8. grein á þinginu 1951 og eru prentuð hér með breytingum auk breytinga á þingunum 1977, 1979, 1993, 2013 og 2015.

